Stjórnarfundur foreldrafélags Kársnesskóla, 28. apríl 2020

Mætt: Helga Guðný Sigurðardóttir, Bergrún Óladóttir, Katrín Þrastardóttir, Anna Rós Sigmundsdóttir, Aðalsteinn Möller og Björg Baldursdóttir.

Dagskrá:

1. Farið yfir stöðu mála með Björgu skólastjóra
    a. Verkfall
    b. Stuðningur við nemendur
    c. Laserskeri
    d. Merking starfsmanna
    e. Vorhátíð
2. Aðalfundur
3. Fjárhagsstaða og félagsgjöld skólaárið 2020-2021
4. Foreldrarölt
5. Önnur mál

Niðurstaða

1. Verkfall - Björg skólastjóri mætti á fundinn, upplýsti fundarmenn um stöðu mála eins og hægt var og svaraði nokkrum spurningum. Rætt var um fyrirhugað verkfall og sagði hún jafnframt að staðan væri ekki eins og best væri á kosið. Tjáði hún okkur að ef til verkfalls kæmi væru kennarar með tilbúna áætlun og fjarkennslu fyrir 5-10. bekk og yngsta stigið. Þar sem 10. bekkur er að útskrifast þarf að huga sérstaklega vel að þeim krökkum og sjá sérstaklega til þess að þau fái eins góða fjarkennslu og mögulegt er. Ekki er komið á hreint með vorferðir en reynt verður eftir fremsta megni að halda lokahóf eða útskrift fyrir 10. bekk, það verður útfært þegar nær dregur. Sendur verður póstur til foreldra Kársnesskóla fyrir helgi með frekar upplýsingum varðandi ástandið Björg vildi þó segja að hún væri ánægð með hvernig til hefði tekist þrátt fyrir erfiðan tíma. ***Tölvupóstur verður sendur fyrir helgi með stöðu mála.***

   Rætt var um útikennslu og mikilvægi sunds og hvort hægt væri að halda því til streitu í verkfalli, sér í lagi ef sundlaugarnar opna. Aðalsteinn talaði um litla skólaviðveru fyrir 6. bekk og hvort hægt væri að bæta við námsefni og/eða hafa námið skilvirkara sérstaklega ef til verkfalls kæmi. Bergrún tók í sama streng. Fundarmenn voru sammála um að bæta mætti í námsefnið en erfitt getur verið að ætlast til að foreldrar sinni kennslu barna sinna í marga klukkutíma á dag. Einnig var rætt um að iPadar væru ekki að þjóna sínu upprunalega hlutverki þ.e. að vera einungis til kennslu, margir krakkar væru að nýta iPadinn of mikið til leiks.

   Stuðningur - Við ræddum stuðning við börn sem ekki hafa verði að mæta í skólann vegna aðstæðna og hvort hann væri viðunandi. Björg sagði að haft væri samband eins og hægt væri. Sérstaklega er hugað að börnum með erlendan uppruna, reynt sé að fylgjast með eftir bestu getu. Betur má ef duga skal, ef til verkfalls kemur verður reynt að nálgast flest börn.

   Laserskeri - Björg var spurð út í laserskerann sem foreldrafélagið lagði til, hann er ekki kominn í hús en búið er bæði að panta hann og greiða. ***Afgreitt.***

Merking starfsmanna – Björg var spurð út í merkingu starfsmanna hún sagði að það væri alfarið í höndum menntasviðs Kópavogsbæjar. Hún taldi æskilegt að hafa spjaldið merkt hverjum og einum starfsmanni með mynd en einnig að hægt væri að nýta það sem aðgangaskort að húsi, ljósritunarvél ofl. ***Anna Rós ætlar að skoða hvernig staðan er á því.***

Vorhátíð - Við ræddum fyrirhugaða vorhátíð en Björg taldi að öllum líkindum þyrfti að fresta henni og við stungum upp á að hafa hausthátíð í staðin. Það gæti verið gaman að byrja næsta haust með glæsilegri hausthátíð. ***Verður tekið fyrir á næsta fundi en skólinn kemur að þessu.***

2. Aðalfundur - Ákveðið var að fresta aðalfundi fram á haust vegna fordæmalausra tíma. *Afgreitt.*

3. Félagsgjöld og staða - Ekki hefur tekist að skipta um gjaldkera vegna fordæmalausra aðstæðna þ.e. prókúruumboð og skilríkjamál. Signý hefur verið okkur innan handar og hefur okkur tekist að leysa málin ágætlega. Næsta haust vonumst við til að Stefanía verið komin með öll réttindi sem til þarf fyrir gjaldkerann. Fjárhagsstaðan er góð og langar okkur að skoða hvort hægt sé að fella niður félagsgjöld fyrir skólaárið 2020-2021 sér í lagi ef skólinn er tilbúinn að fá Erlend til að halda nokkra áhugaverða fyrirlestra næsta skólaár. *Farið verður endanlega yfir þetta á næsta fundi.*

4. Foreldrarölt – því miður hefur foreldraröltið legið niðri síðustu vikur eða síðan 6. mars. Erfitt er að fylgjast með því hverjir fara í foreldraröltið því ekki er alltaf send inn mynd af hópnum. Anna Rós ætlar að athuga hvort hægt sé að fá „rölt skýrslur“ sem eru sendar inn til að fylgjast með hverjir eru að taka þátt. Einnig kom sú spurning hver sé tilgangurinn með röltinu, hann er að finna í handbók sem gefin er út af menntasviði Kópavogs. Það er komið að 5. bekk að rölta í maí, Jóna klárar utanumhaldið og taskan er ennþá í Krambúðinni. ***Anna Rós fær „rölt skýrslur“ og handbók frá menntasviði Kópavogs.***

5. Önnur mál – Katrín Þrastardóttir hefur óskað eftir því að hætta í stjórn foreldrafélagsins en býður sig fram sem bekkjarfulltrúi.

   Foreldrafélagi Kársnesskóla barst beiðni um að foreldrafélagið biðlaði til samningsaðila að semja áður en boðað verkfall Eflingar mun hefjast. Stjórn samþykkti beiðnina og mun senda erindi til samningsaðila.

   Við bíðum eftir svari frá Björgu varðandi fyrirlestra frá Erlendi – *tökum stöðuna á næsta fundi*.

   Næsti fundur verður í lok maí – fundi slitið.